



Fundargerð

189. fundur skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, mánudaginn 11. desember 2023, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bjarki Guðnason, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon var fjarverandi, Elín Heiða Valsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Vignir Steinsson, Gunnar Valdimarsson, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Þar sem formaður og varaformaður nefndarinnar, voru ekki mætt til fundar, varð það hlutverk aldursforseta að stýra fundi.

Jóhannes Gissurarson setti fundinn klukkan 14.10.

Almenn mál

1. 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

Tekið fyrir eftir auglýsingu deiliskipulag Hemruhlíðar. Tillagan felur í sér 29 sumarrhúsalóðir á bilinu 0,51-0,67 ha. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 1. nóvember 2023. Engar athugasemdir bárust frá íbúum en fyrir liggja umsagnir frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Skógræktinni og Náttúrufræðistofnun Íslands. Fyrir liggur samantekt skipulagshöfundar um hvernig brugðist var við umsögnum

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og afgreidd skv.1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

Tekið fyrir afgreiðslubrэф Skipulagsstofnunar dagsett 23. október 2023 þar sem gerðar eru athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags-breytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem áformin sem fram koma í tillögunni eru ekki í samræmi við auglýsta tillögu aðalskipulags.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að uppfærðar tölur sem fram koma í deiliskipulaginu verði uppfærðar og teknar inn í endurskoðun aðalskipulags sem verður endurauglýst. Skipulagsfulltrúa falið að koma upplýsingum áleiðis til framkvæmdaraðila.



3. 2312001 - Hrífunes 2A

Lögð fram umsókn um byggingaráform fyrir vélageymslu með gistaðstöðu í landi Hrífunes 2A (L 163373).

Skipulagsnefnd samþykkir að fyrirhuguð byggingaráform verði grenndarkynnt í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga en heimilt verði að stytta tímabil grenndarkynningar ef fyrir liggur samþykki nærliggjandi lóðarhafa. Grenndarkynnt verði fyrir Hrífunesi 1A (L 236708), Hrífunesi lóð (L 216583) og Hrífunesi lóð D (L 222434). Skipulagsnefnd vill ítreka að gera þurfi grein fyrir öflun slökkvivatns innan lóðar skv. gr. 4.3.3. í byggingarreglugerð.

4. 2312002 - Gröf 163361 vegsvæði

Lögð fyrir umsókn frá Vegagerðinni um stofnun lóðar fyrir 17.398 m² vegsvæði úr landi Grafar L 163361.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykki erindið.

5. 2312003 - Ytri-Tunga, umsókn um landskipti

Tekið fyrir erindi Hallgríms Snorrasonar þar sem óskað er eftir heimild til að skipta upp jörðinni Ytri-Tungu sem er 323 ha fyrir landskipti. Meðfylgjandi umsókninni eru uppdráttur er sýnir fyrirhuguð landskipti Landskipti þessi samræmast aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 og hafa óveruleg áhrif á búrekstrarskipti og skerða ekki landbúnaðarsvæði í I. og II. flokki. Engin verndarsvæði skv. gildandi aðalskipulagi eru innan útskiptrar spildu.

Skipulagsnefnd samþykkir erindið eins og það er fyrirlagt. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykki erindið.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14.38.

Bjarki Guðnason

Rúnar Þorri Guðnason

Jóhannes Gissurason

Guðbrandur Magnússon

Guðmundur Vignir Steinsson